

## Verkefnið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2020 vegna COVID-19

**Málsaðili** : Félagsmálaráðuneytið  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 08.07.2020  
**Númer** : 2006232  
**Flokkur** : 02.70 Almennt efni um málefni fatlaðra

**Efni** :

Það var sótt um styrk 30. júní síðastliðinn fyrir þessu verkefni. Ákveðið var að auka við starfssemi Selsins en Selurinn er frístundaúrræði fyrir fullorðið fólk með fötlun. Undanfarin ár hafa verið 2 opnanir í viku hjá Selnum en ef þessi styrkur fæst verður bætt við 10 aukaopnunum á tímabilinu 17. ágúst til 1. október. Meðal annars verður farið í 5 ferðir t.a.m. verður farið í eina "túristaferð" um Suðurland og aðrar áhugaverðar ferðir. Umsjónarmaður Selsins mun í byrjun ágúst markvisst kynna þetta aukna starf með auglýsingum, hafa samband við stofnanir sem sinna fólki með fatlanir ásamt því að hafa beint samband við þá sem hafa verið að nýta þetta starf undanfarin ár.

Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson

Þann 9. júlí barst svar við umsókn frá félagsmálaráðuneytinu: "Vísað er til umsóknar um styrk til þess að auka félagsstarf fullorðins fatlaðs fólks sumarið 2020 á tímum Covid-19. Félagsmálaráðuneytið mun veita Árborg 1.755.000 styrk til verkefnisins. Styrkurinn verður greiddur út eftir miðjan júlí."